

## FRAMKVÆMDARÁÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA

2021/EES/49/08

## ÁKVÖRDUN nr. F3

frá 19. desember 2018

um túlkun 68. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 varðandi aðferð við að reikna út viðbótargreiðslu vegna mismunar

(Texti sem varðar EES og samning EB og Sviss)

(2019/C 215/02) (\*)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa <sup>(1)</sup> en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um álitæfni er lúta að framkvæmd og túlkun ákvæða reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af 68. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

með hliðsjón af 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 2. mgr. 68. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 er kveðið á um að ef fyrir hendi er réttur til fjölskyldubóta sem skarast samkvæmt löggjöf fleiri en eins aðildarríkis skulu fjölskyldubætur greiddar í samræmi við þá löggjöf sem telst hafa forgang í samræmi við 1. mgr. Réttur til fjölskyldubóta samkvæmt annarri löggjöf, einni eða fleiri, sem stangast á, fellur niður að þeirri fjárhæð sem fyrrnefnda löggjöfin kveður á um og viðbót vegna mismunarins skal greidd, ef þörf er á, sem nemur fjárhæðinni sem er umfram þá fjárhæð.
- 2) Til að greiða fyrir samræmdri beitingu reglugerðar (EB) nr. 883/2004 er framkvæmdaráðið því einhuga um að koma ætti á samræmdri málsmeðferð til að koma fyrrnefndri grein í framkvæmd að því er varðar samanburð á fjárhæðum sem kveðið er á um í viðkomandi tveimur eða fleiri löggjöfum og að því er varðar ákvörðun þeirrar viðbótargreiðslu vegna mismunar sem viðkomandi stofnun getur þurft að greiða.

Í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. Stofnun í aðildarríkinu þar sem löggjöfin telst ekki hafa forgang, skv. 1. mgr. 68. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004, skal gera samanburð fyrir hvern aðstandanda á þeirri fjárhæð fjölskyldubóta sem kveðið er á um í löggjöfinni sem telst hafa forgang og fjárhæð fjölskyldubóta í þeirri löggjöf sem hún starfar eftir.
2. Eftir að samanburði fyrir hvern einstakan aðstandanda lýkur skal viðkomandi stofnun greiða viðbótargreiðslu sem nemur mismuninum á þessum tveimur fjárhæðum.
3. Ákvörðun þessi skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Hún öðlast gildi á tuttugasta degi eftir birtingu hennar.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Bernhard SPIEGEL

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB C 215, 26.6.2019, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 208/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.